

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar  
Vigfús Björnsson  
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi  
601 Akureyri

Reykjavík 12. júní 2020  
UST202006-046/A.B.  
10.04.00

**Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008 – 2020 og nýtt deiliskipulag fyrir verslunarsvæði - Helgafell við Svalbarðseyri**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Svalbarðsstrandarhrepps er barst 3. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008 – 2020 og nýju deiliskipulagi fyrir verslunar- og þjónustusvæði í landi Helgafells við Svalbarðseyri.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina verslunar- og þjónustusvæði á svæði sem er skilgreint sem landbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi.


Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að tillagan gerir m.a. ráð fyrir gístaðstöðu fyrri 12- 15 manns og tveimur 15 m<sup>2</sup> gísteiningum.

Í greinargerð kemur fram að aðkoma liggur um tjörn sem nefnist Tungutjörn og fellur tjörnin undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess kemur fram að ekki er talið að aðkoman muni hafa áhrif á tjörnina.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreindar tillögur og gerir ekki athugasemdir við þær.

  
Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur